



## Fundargerð

1364. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll  
31. mars 2022 , kl. 08:00

### Viðstaddir:

Jóhann Friðrik Friðriksson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir  
Kolbrún Jóna Pétursdóttir og Margrét A. Sanders.

Friðjón Einarsson boðaði forföll, Guðný Birna Guðmundsdóttir varamaður sat fyrir hann.  
Guðbrandur Einarsson boðaði forföll, Kolbrún Jóna Pétursdóttir varamaður sat fyrir hann.  
Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi boðaði forföll, Gunnar Felix Rúnarsson varamaður  
sat fyrir hana.

Að auki sátu fundinn Gunnar Felix Rúnarsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson  
bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Gestir fundarins komu inn í gegnum fjarfundarbúnað.

\* \* \*

### **1. Atvinnumál (2022030782)**

Hildur Jakobína Gísladóttir forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum, Þórdís Ósk  
Helgadottir forstöðumaður Súlunnar og Sigurgestur Guðlaugsson verkefnastjóri  
viðskiptaþróunar mættu á fundinn. Farið var yfir atvinnuleysistöflur og vinnumarkaðsúrræði.

### **2. Stapaskóli I áfangi – drög að uppgjöri (2019050680)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Jón Ólafur Erlendsson frá VSB  
verkfræðistofu mættu á fundinn. Lagt fram minnisblað með drögum að lokauppgjöri vegna  
Stapaskóla áfanga I.

Bæjarráð felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfissviðs að ganga frá greiðslu  
vegna uppgjöra á aukaverkum vegna áfanga I Stapaskóla kr. 154.568.901.

### **3. Leikskólinn Holt – færarlegar einingar (2022010319)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn. Lagt fram tilboð frá  
Hýsi-Verkheimar ehf. um kaup og uppsetningu á Trimo húseiningum fyrir leikskólann Holt.  
Tilboðið er kr. 81.096.405.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til viðauka við fjárfestingaráætlun 2022.



#### **4. Stækkun safnaðarheimilis Njarðvíkurkirkju – niðurfelling byggingarleyfisgjalda (2022030734)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn. Lagt fram erindi frá Sóknarnefnd Njarðvíkursóknar um niðurfellingu gatnagerðargjalda kr. 4.994.906 vegna viðbyggingar við Safnaðarheimilið Njarðvíkurbraut 36, 260 Reykjanesbæ.

Bæjarráð tekur vel í erindið og Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.

#### **5. UMFN – afnotasamningur vegna Þórustígs 3 (2021060400)**

Lögð fram drög að afnotasamningi milli Reykjanesbæjar og Ungmennafélags Njarðvíkur vegna fasteignarinnar Þórustígur 3, 260 Reykjanesbæ.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita framlögð drög að afnotasamningi.

#### **6. Golfklúbbur Suðurnesja – afnotasamningur vegna Leiru (2022030790)**

Lögð fram drög að afnotasamningi milli Reykjanesbæjar og Golfklúbbs Suðurnesja vegna Golfskálans í Leiru.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita framlögð drög að afnotasamningi.

#### **7. Stapavellir – Brynja, hússjóður Öryrkjabandalagsins (2019050509)**

Lögð fram kynning frá Brynju leigufélagi.

#### **8. Endurskipulagning sýslumannsembætta (2022030581)**

Lagt fram til kynningar bréf frá Dómsmálaráðuneytinu varðandi endurskipulagningu sýslumannsembætta.

#### **9. Römpum upp Ísland (2022030779)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn. Lagt fram bréf frá Römpum upp Ísland.

Bæjarráð fagnar framkomnu erindi og tekur vel í verkefnið.

#### **10. Fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. 15. mars 2022 (2022010523)**

Fundargerð lögð fram.

#### **11. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. mars 2022 (2022010311)**

Fundargerð lögð fram.

#### **12. Fjölgun atvinnuleyfa til leiguaksturs – beiðni um umsögn (2022030766)**

Erindi Samgöngustofu þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna fjölgunar á atvinnuleyfum til leiguaksturs á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.



Bæjarráð fagnar áformum um fjölgun atvinnuleyfa.

**13. Umsögn um tímabundið áfengisleyfi – Knattspyrnudeild Keflavíkur (2022030701)**

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**14. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2022010436)**

- a. Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaáætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030, 418. mál  
<https://www.althingi.is/altext/152/s/0597.html>
- b. Frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 450. mál  
<https://www.althingi.is/altext/152/s/0649.html>

Umsagnarmál lögð fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40.